# GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu Ríkiskaupa.**

1. gr.

*Útboðs- og innkaupaþjónusta.*

Gjald fyrir verkefni er fast og miðast við áhættumat verkefna. Grundvöllur áhættumats er eðli og flækjustig verkefna.

A. Verkefni með háa áhættu eru tíma- og kostnaðaráætluð sérstaklega.

B. Verkefni með meðal áhættu og ráðgjöf, fleiri en eina valforsendu eða vinna með öðrum ferlum en opið útboð.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast verð B verkefna | kr. | 360.000 | án vsk. pr. verkefni |

C. Einföld verkefni – örútboð – opin útboð með verð valforsendur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast verð C verkefna | kr. | 190.000 | án vsk. pr verkefni |

Kaupendum er heimilt að biðja um tíma- og kostnaðaráætlun sérstaklega í öll verkefni. Kaupendum og Ríkiskaupum er einnig heimilt að semja um þóknun sem byggð sé á hlutfalli af heildarávinningi verkefna og skal þá liggja fyrir áætlun og skriflegt samkomulag áður en verkefni hefjast.

Áætlun verkefna skal miða við eftirfarandi tímagjald:

| | | |
|---|---|---|
| Sérfræðingur 1 | 10.700 | kr./klst. |
| Sérfræðingur 2-4 | 18.700 | kr./klst. |
| Sviðsstjóri | 21.800 | kr./klst. |

Auglýsingar og önnur aðkeypt þjónusta er ekki innifalin og greiðist sérstaklega samkvæmt reikningi.

2. gr.

*Innflutningur.*

| Kostnaðarverð sendingar kr. | Þjónustugjald |
|---|---|
| 0 – 450.000 | 27.200 kr. |
| 450.001 – 900.000 | 6% |
| 900.001 – 3.000.000 | 4% |
| 3.000.001 – 6.000.000 | 3% |
| 6.000.001 – 11.000.000 | 2% |
| 11.000.001 – 99.999.999 | 1,5% |

3. gr.

*Innlend vörukaup.*

Þjónustugjald 3%. Lágmark kr. 6.200 (bætist við kostnaðarverð vöru).

4. gr.

*Aðildargjald rammasamninga.*

Opinberir aðilar sem falla ekki undir A-hluta, skulu undirrita umsókn um aðild að rammasamningum Ríkiskaupa. Aðildargjald að rammasamningum skal taka mið af umfangi innkaupa á vöru og þjónustu hjá þeim opinbera aðila sem áskriftarsamningur er gerður við. Aðildargjaldið skal jafnframt endurspegla kostnað við undirbúning og rekstur rammasamninga.

Lágmarksgjald er kr. 200.000.

5. gr.

*Sala fasteigna.*

| Söluverð fasteignar kr. | Þjónustugjald | |
|---|---|---|
| 0 – 60.000.000 | 1,95% | Lágmark kr. 158.100 |
| 60.000.001 – 100.000.000 | 1,60% | |
| 100.000.001 – 200.000.000 | 1,40% | |
| 200.000.001 og yfir | 1,20% | |

Auglýsingar og önnur aðkeypt þjónusta er ekki innifalinn og greiðist sérstaklega samkvæmt reikningi.

6. gr.

*Kaup fasteigna.*

Gjald innheimt samkvæmt tímagjaldi. Auglýsingar og önnur aðkeypt þjónusta greiðist sérstaklega samkvæmt reikningi.

7. gr.

*Kaup bifreiða.*

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustugjald | 2,5% | |

8. gr.

Sala bifreiða.

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustugjald | 3% | Lágmark kr. 56.500 |

9. gr.

Sala véla og tækja.

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustugjald | 3% | Lágmark kr. 28.700 |

10. gr.

*Sala notaðra muna.*

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustugjald | 20% | Lágmark kr. 1.400 |

11. gr.

*Lögfræðiþjónusta.*

Gjald fyrir verkefni er innheimt samkvæmt tímaskráningu starfsmanna miðað við eftirfarandi tímagjald: Tímagjald lögfræðings 18.055 kr./klst. Tímagjald yfirlögfræðings 21.800 kr./klst.

Auglýsingar og önnur aðkeypt þjónusta er ekki innifalin og greiðist sérstaklega samkvæmt reikningi.

12. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 101. gr. laga nr. 120/2016, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 484/2018. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. október 2021.*

F. h. r.

**Sigurður H. Helgason.**

*Guðrún Birna Finnsdóttir.*